



Uppruni kostanna

Sýning unnin af Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins og Sögusetri íslenska hestsins árið 2016

Íslenski hesturinn hefur lifað hér á landi án nokkurrar kynblöndunar allt frá landnámi. Sagnir eru til um hrossarækt fornanna en lengst af var náttúruúrvalið næsta einrátt og miðað við flest önnur hrossakyn er saga skipulegrar hrossaræktunar hér á landi því mjög stutt: Fyrsti ráðunauturinn í búfjárrækt, þ.m.t. hrossarækt, var ráðinn til Búnaðarfélags Íslands árið 1902, fyrsta hrossaræktarfélagið var stofnað árið 1904 og fyrsta hrossasýningin á vegum BÍ fór fram árið 1906.

Þrátt fyrir þessa stuttu ræktunarsögu hefur mikill og stigvaxandi árangur náðst í kynbótum á íslenska hestinum í gegnum árin. Þegar ræktunarsagan er skoðuð er áhugavert að kanna hvaða ræktunargripir það eru sem standa einna helst að baki íslenska hrossastofninum í dag. Þá kemur í ljós að það eru ákveðnar ættlínur innan stofnsins sem hafa valist til ræktunar umfram aðrar eins og ávallt gerist í skipulögðu ræktunarstarfi, óháð því um hvaða búfjárkyn er að ræða. Ræktendur velja mest fyrir ákveðnum eiginleikum og þannig veljast ákveðnir einstaklingar og ákveðnar ættlínur

til kynbótanna. Ástæðan fyrir því að vissir kynbótargripir komast á blað yfir helstu ættfeður eða -mæður er sú að þeir höfðu einhver sérstök gæði fram að færa umfram


aðra, enda er erfðahlutdeild nátengd kynbóttagildi einstaklingsins. Þeir ættfeður og ættmæður sem eru kynntar hér á þessari sýningu eru allt mikilsverðir kynbótargripir og hafa mest lagt til þeirrar miklu erfðaframfarar sem hefur náðst í íslenska hrossastofninum á síðustu áratugum.

Þegar kannað var hvaða ræktunargripir það eru sem eru helstu ættfeður og -mæður í íslenska hrossastofninum í dag var reiknuð út erfðahlutdeild hvers grips fyrir sig. Hún lýsir því hversu hátt hlutfall af þeim erfða-

vísnum sem við erum að vinna með í ræktunni í dag eiga uppruna sinn í gripnum sem í hlut á og gefur sú tölulega stærð gleggsta mynd af því hvaða forfeður eða formæður það eru sem standa að baki íslenska hrossastofninum nú í dag. Rannsóknin var unnin á grunni gagna um öll skráð folöld á Íslandi fædd árið 2014.

Þegar ræktunarsagan er skoðuð er áhugavert að kanna hvaða ræktunargripir það eru sem standa einna helst að baki íslenska hrossastofninum í dag.

Breyting á erfðahlutdeild nokkurra helstu ræktunargripanna, mælt í prósentum.



Samanburður á prósentulegri breytingu á erfðahlutdeild Sörli 71 frá Svaðastöðum og Skugga 201 frá Bjarnanesi. Grafið sýnir aukna áherslu á léttbyggða hestgerð frá því skömmu fyrir 1990.

